

þau ólík fyrri verkum mínum. Þetta eru verk sem ekki mundu þola að vera smækkuð.“



Hvað viltu segja um þín verk, Þór? Þetta eru höggmyndir, teikningar og málverk af dýrum komnum beint úr frumskóginum. Er þetta gamla góða þrjú-bíó stemmningin?

„Tsjá, þetta er í ætt við það sem ég hef áður gert. Ég er að reyna að finna form og tjáningarmáta sem gæti hentað mér og verið einfalt um leið. Ætli stemmningin sé ekki komin úr því umhverfi sem maður lifir og hrærist í. Annars er meiri ævintýrablaer yfir þessum verkum vegna þess að þau eru svo mörg og ólík að lit og lögun. Ég sýndi svona verk í Sviss fyrir nokkru. Þá voru dýrin færri og samstæðari og enginn ævintýrablaer yfir þeim.“

Þið Þór eruð gjörólíkir, segi ég og sný mér að Ivári. Er þessi steinsteypuverk dæmigerð fyrir þig?

Samsýning fjögurra listamanna að Kjarvalsstöðum

Rúna Þorkelsdóttir og þrykkmyndir hennar, unnar með hjálp náttúrunnar: „Náttúrustemningar og hugrenningar tengdar þeim.“



Ivár Valgarðsson með höggmyndir sínar í baksýn: „Efniviðurinn og glíman við formið er aðalinntakið í þessum verkum.“

„Já, ég hef unnið ansi lengi að skyldum hlutum þó svo að steinsteypan sé ekkert dæmigerðari fyrir mig en járn eða eitthvað annað. En ég er mjög bundinn náttúrunni, eða hef verið það að minnsta kosti og þessi form byggja mjög á henni. Annars er þetta mest spurning um glímuna við efnið. Mér finnst gaman að fást við hin margvíslegustu efni. Svó er það formið. Ég hef tilhneygingu til að skera burt allt sem flakir verk mín og gerir þau óskýr.“

Rúna Þorkelsdóttir er nokkuð sér á báti þar eð engar höggmyndir er að finna meðal verka hennar. Hún er vefari að mennt og þess gætir að vissu leyti í verkum hennar, þó svo að hún vinni ekki sem hefðbundinn vefari.

Ég spyr hana um eitt af verkum hennar sem er langt pappírsverk undir gleri, ákaflega ljóðrænt og fínlegt.

„Ég hef gaman af að vinna með

orð, nokkurs konar prósa. Í þessu verki er það eiginlega næturstemning við ströndina og alls konar hugrenningar bundnar stund og stað. Ég sækí prósan mikið til náttúrunnar og einnig í godsögur, ævintýri og þjóðsögur. Þetta blandast saman í verkum mínum og verður að heildarhrifum.“

Nú ertu vefari, en þess gætir ekki efnislega heldur er eins og maður finni það að baki verkunum. Er vefnaðurinn þér ekkert kærkomnari en annað?

„Nei, ég vinn í hvaða efni sem er. Enda hef ég aldrei lært textíl. En ég hef gaman af dútli í smágerðum hlutum og þar kemur vefarinn helst í ljós.“

Við höldum áfram að ræða ýmis málefni sem koma myndlistinni við, en viðtalinu er lokið. Orð eru til margra hluta nýt en duga þó skammt þegar jafn ágæt verk eru annars vegar og þau sem þessi fjórir listamenn sýna í sölum Kjarvalsstaða.



Að öllum líkindum tölvan sjálf. Fyrir það fyrsta þá kostar hún minna en þú gætir haldið. IBM PC einkatölva með 128000 stafa vinnsluminni, 83ja tákna lykklaborði, 360000 stafa diskettu, prentara sem skrifar 80 stafi á sekúndu, litaskermi, auk nokkurra grunnforrita, kostar minna en nýr smábíll.

Og hún skapar þér aukinn tíma. Með því m.a. að losa þig undan svo mörgum tímafrekum verkum eins og að endurreikna,

endurmeta, endurvélrita, endurútgefa, endurvinna og endurtaka. Hún getur sparað þér margar klukkustundir á viku. Hvers virði er hver klukkustund í þínu starfi? Hafir þú ekki gert þér grein fyrir því, láttu þá IBM PC einkatölvuna leiða þig í allan sannleikann.

Og annað, hún ætti að geta hjálpað þér að gera nokkrar skarplegar ákvarðanir í hverjum mánuði - t.d. varðandi lausn á verkefnum, í fjárfestingum, verð-

lagningu, skráningu á upplýsingum, í útgjöldum og bættri samkeppnisstöðu.

Allt þess eðlis að leiða til meiri hagnaðar og meiri sparnaðar.

Að lokum, IBM PC einkatölvan er fjárfesting í réttari ákvarðanatökum, betri stjórnun og framleiðni og þægilegra vinnuumhverfi - hún er fljót að borga sig!

Farðu og hittu einhvern söluaðilann fyrir IBM PC einkatölvuna.

Söluumboð fyrir IBM PC einkatölvuna:

Gísli J. Johnsen
Skrifstofubúnaður sf., Smiðjuvegi 8,
Kópavogi, sími 73111

Skrifstofuvélar hf.
Ottó A. Michelsen, Hverfisgötu 33,
Reykjavík, sími 20560

Örtölvutækni sf., Ármúla 38,
Reykjavík, sími 687220

IBM